



Alþingi
Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hafnarfjörður, 04.06.2009
Tilv. 0009/2009 - 60.12

Á fundi sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis með m.a. starfsmönnum Fiskistofu í dag var óskað upplýsinga frá Fiskistofu um tiltekin atriði.

Óskað var upplýsinga um tegundaskiptingu fiskafla sem veiðst hefur á handfæri undanfarin ár. Þessar upplýsingar koma fram í neðangreindri töflu, þar sem aflamagn er í kílóum af óslægðum fiski. Aflinn er greindur eftir kvótabundnum tegundum, en öðrum tegundum slegið saman undir "Aðrar tegundir".

Fisktegund	Fiskveiðiár			
	2005/2006	2006/2007	2007/2008	2008/2009
Þorskur	5.866.354	4.435.496	3.520.865	1.644.587
Ýsa	38.830	39.931	28.513	5.038
Ufsi	3.253.651	1.843.658	2.412.968	641.004
Karfi	102.169	60.087	40.428	16.690
Langa	7.346	5.609	8.525	2.860
Keila	7.490	8.198	6.560	2.198
Steinbitur	7.201	6.723	10.273	1.678
Skötuselur	40	173	523	18
Skarkoli	189	1.652	313	5
Sólkoli		796	14	
Langlúra		12		
Sandkoli		68		1
Skráplúra	21	105		7
Aðrar tegundir	7.490	8.195	10.667	729
Samtals	9.290.780	6.410.704	6.039.650	2.314.814

Þá var óskað eftir upplýsingum um hvernig "byggðakvóti" skiptist eftir veiðarfærum. Þar sem byggðakvóti er aflaheimild, sem bætist við aðrar aflaheimildir viðkomandi skips, er ekki unnt að segja með fullri vissu til um í hvaða veiðarfæri sá afli fæst, sem af byggðakvóta leiðir. Fiskistofa hefur því tekið saman neðangreinda töflu, sem sýnir hvernig afli þeirra skipa, sem hafa fengið úthlutað byggðakvóta einstök fiskveiðiár, hefur skipst milli veiðarfæra. Í töflunni kemur einnig fram það magn byggðakvóta, sem úthlutað hefur verið undanfarin fjögur fiskveiðiár. Aflatölur í töflunni eru í þorskígildiskílóum.

Veifaræri	Fiskveiðiar			
	2005/2006	2006/2007	2007/2008	2008/2009
Lína	36.077.984		21.893.964	22.042.629
Net	4.636.653		3.982.106	4.259.267
Handfæri	1.707.023	17.225	789.330	275.752
Dragnót	14.080.172		8.495.118	9.207.895
Botnvarpa	29.281.737		40.874.753	18.089.735
Humarvarpa	862.230		384.573	414.718
Rækjuvarpa	139.082			123.394
Grásleppunet	53.903		134.990	108.501
Rauðmaganet	123.946		1.225	
Sjóslöng			6.096	13.764
Skötuselsnet	66.422		132.099	
Ýmis veifaræri	34.946		28.296	
Samtals	87.064.098	17.225	76.722.550	54.535.656

Útthlutaður byggðakvóti 4.010.005 152 4.113.898 2.826.476

Vakin er athygli á að í ofnagreindum töflum eiga upplýsingar um fiskveiðiárið 2008/2009 ekki við heilt fiskveiðiár, heldur eingöngu skráðan afla til dagsins í dag.

Þá var spurt um hvaða skilyrði bátar þyrftu að uppfylla til að fá veiðileyfi til frístundaveiða og strandveiða. Samkvæmt frumvarpinu þurfa skip að uppfylla sömu skilyrði og uppfylla þarf í núverandi kerfum, nema að skip þurfa ekki að vera skráð sem fiskiskip til að fá frístundaveiðileyfi. Gerð er krafa um haffæri, en Siglingastofnun gerir mismunandi kröfur til haffærni eftir "gerð" eða "nýtingaráformi" skips. Með vísan til reglugerðar nr. 770/2008 um fjareftirlit, þurfa öll íslensk fiskiskip, sem hafa leyfi Fiskistofu til að stunda fiskveiðar í atvinnuskyni, að vera búin fjarskiptabúnaði sem sendir með sjálfvirkum hætti á að minnsta kosti klukkustundar fresti upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips.

F. h. Fiskistofu



Auður Agústsson